



Grant Thornton

An instinct for growth™



Reykjavíkurborg

Endurskoðunarskýrsla vegna endurskoðunar ársreiknings 2020

29. apríl 2021





Grant Thornton

An instinct for growth™

29. apríl 2021

Borgarstjórn Reykjavíkurborgar
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Skýrsla þessi er gerð í tengslum við vinnu okkar við endurskoðun á ársreikningi Reykjavíkurborgar vegna ársins 2020 sem lagður verður fyrir borgarstjórn til fyrri umræðu þann 4. maí 2021. Við munum árita hann samhliða afgreiðslu og áritun borgarstjórnar við síðari umræðu með fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar upplýsingar sem gætu haft áhrif á álit okkar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Reykjavíkurborgar á árinu 2020, efnahag hennar 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga og aðrar reglur um reikningsskil sveitarfélaga.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka.

Grant Thornton endurskoðun ehf.
Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík

Við áhættumatið er tekið tillit til innra eftirlits er varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni á innra eftirliti samstæðunnar. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Sturla Jónsson og Theodór S. Sigurbergsson árita ársreikning borgarinnar fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf. Báðir eru löggiltir endurskoðendur og eigendur hjá Grant Thornton.

Grant Thornton endurskoðun ehf. var kosið endurskoðunarfyrirtæki Reykjavíkurborgar á árinu 2018 til 5 ára. Er því lokið endurskoðun á þriðja ársreikningi tímabilsins.

f.h. Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Theodór S. Sigurbergsson
Löggiltur endurskoðandi

J. Sturla Jónsson
Löggiltur endurskoðandi

Kafli 1

Um endurskoðunina og helstu áherslur



Um endurskoðunina



Rammi endurskoðunar

Endurskoðendur og störf þeirra heyra undir lög nr. 79/2008 um endurskoðendur. Endurskoðendum ber að framkvæma endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) og alþjóðlegan staðal um gæðaeftirlit. Einnig berum við skyldur samkvæmt, sveitarstjórnarlögum, lögum um ársreikninga og öðrum sérlögum.

Öllum aðildarfélögum Grant Thornton International Ltd. er skylt að starfa eftir sömu aðferðafræði. Aðferðafræðin byggir á alþjóðlegu endurskoðunarstöðlunum. Auk þess nota aðildarfélög Grant Thornton sama skjölunarkerfi.

Óhæðismál

Grant Thornton endurskoðun ehf. er óháður endurskoðandi félagsins. Hluti af upphafságerðum okkar er að meta hvort aðstæður séu fyrir hendi sem ógna óhæði okkar.

Allir meðlimir endurskoðunarteymisins hafa skrifað undir óhæðisyfirlýsingu gagnvart félaginu. Aðilar endurskoðunarteymisins hafa einnig undirritað trúnaðaryfirlýsingu sem afhent er félaginu.

Þá höfum við afhent endurskoðunarnefnd sérstaka óhæðisyfirlýsingu í samræmi við ákvæði laga um endurskoðendur.



Fundir með stjórnendum, lykilstarfsmönnum og endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar

Við funduðum með helstu stjórnendum og lykilstarfsmönnum borgarinnar á meðan á endurskoðuninni stóð. Á þessum fundum höfum við farið yfir starfsemi og ferla Reykjavíkurborgar ásamt athugasemdum og ábendingum sem upp hafa komið. Einnig höfum við fundað með stjórnnum og stjórnendum þeirra B-hluta fyrirtækja sem endurskoðunin náði til.

Við höfum átt fundi með endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar nokkrum sinnum yfir árið. Á þeim fundum höfum við farið yfir álitamál sem upp hafa komið við endurskoðunina. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar er jafnframt endurskoðunarnefnd flestra B-hluta fyrirtækja.



Ráðningarbréf

Við höfum útbúið ráðningarbréf vegna endurskoðunar reikningsársins 2020 og fengið undirritað af borgarstjóra. Þá gildir verksamningur gerður við Reykjavíkurborg og tilgreind B-hluta fyrirtæki dags. 11. júlí 2018. Samningurinn byggir á tilboði sem lagt var fram af okkur í kjölfar útboðs Reykjavíkurborgar og tilgreindra B-hluta fyrirtækja haustið 2017.

Um endurskoðunina



Framsetning ársreiknings

Starfsemi Reykjavíkurborgar er skipt í A-hluta og B-hluta. Til A-hluta telst Aðalsjóður og Eignasjóður. Til B-hluta teljast þau fyrirtæki sem eru að hálfu eða meirihluta í eigu borgarinnar og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar.

Grant Thornton endurskoðun ehf. eru kjörnir endurskoðendur flestra fyrirtækja sem teljast til B-hluta, nánar tiltekið Orkuveitu Reykjavíkur, Faxaflóahafna sf., Félagsbústaða hf., Malbikunarstöðvarinnar Höfða hf., Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., SORPU bs, Strætó bs. og Þjóðarleikvangs hf.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, sveitarstjórnarlög og reglugerðir um framsetningu og ársreikninga sveitarfélaga. Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir hf. gera ársreikninga sína í samræmi við Alþjóðlega reikningsskilastaðla IFRS en reikningsskil þeirra eru færð óbreytt í samanteknum ársreikningi fyrir A- og B-hluta.

Mikilvægismörk endurskoðunarinnar

Mikilvægismörk eru einn af grunnþáttum endurskoðunar en þau marka umfang endurskoðunaraðgerða.

Heildarmikilvægismörk A- og B-hluta höfum við ákvarðað 0,5% af heildareignum eða 3.631 millj. kr. og sérstök mikilvægismörk nema 2.723 millj. kr. Skráningarmörk nema 182 millj. kr.

Heildarmikilvægismörk A-hluta höfum við ákvarðað 0,75% af rekstrartekjum eða 942 millj. kr. og sérstök mikilvægismörk nema 706 millj. kr. Skráningarmörk nema 47 millj. kr.



Aðrar upplýsingar

Samkvæmt lögum um ársreikninga eru ríkar kröfur um upplýsingagjöf sem fylgja þarf ársreikningi, s.s. stjórnháttaryfirlýsing, ýmis ófjárhagsleg upplýsingagjöf auk ýmissa atriða sem greina þarf frá í skýrslu borgarstjórnar og borgarstjóra. Þá hefur Reykjavíkurborg einnig gefið út ársskýrslu. Um ábyrgð okkar gagnvart þessum upplýsingum er fjallað í kaflanum „Aðrar upplýsingar“ í áritun okkar með ársreikningnum.



Helstu áhersluatriði endurskoðunar A-hluta

Endurskoðun er áhættumiðuð. Í því felst að okkur ber að skilgreina og tilgreina í hvaða liðum reikningsskilanna og í hvaða staðhæfingum áhætta á rangfærslum sé helst að finna. Þar sem veruleg áhætta á rangfærslum í reikningsskilunum liggur fyrir ber okkur að bregðast sérstaklega við með videigandi endurskoðunaraðgerðum.

Helstu áhættuþættir sem skilgreindir voru við endurskoðun A-hluta eru:

- Mat langtímakrafna, vegna úthlutaðra lóða og seldra byggingaréttanna
- Nákvæmni og tilvist varanlegra rekstrarfjármuna
- Mat lífeyrisskuldbindinga
- Launakostnaður
- Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti
- Sérstök áhætta tengd áhrifum faraldurs COVID-19

Um endurskoðunina



Áhersluþættir og lykilatriði samantekin reikningsskil

Helstu áhættuþættir sem skilgreindir voru við endurskoðun samantekinna reikningsskila A- og B-hluta eru:

- Mat á gangvirði framleiðslukerfa rafmagns (OR) - **lykilatriði**
- Mat innbyggðra afleiða í raforkusamningum (OR) - **lykilatriði**
- Innlausn tekna (allar einingar) - **lykilatriði**
- Nákvæmni og tilvist varanlegra rekstrarfjármuna (A-hluti, OR) – **lykilatriði**
- Mat langtímakrafna, vegna úthlutaðra lóða og seldra byggingaréttanna (A-hluti)
- Mat lífeyrisskuldbindinga (A-hluti)
- Mat fjárfestingareigna (Félagsbústaðir)
- Viðskipti við tengda aðila og innan samstæðu (öll félög)
- Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti (allar einingar)
- Sérstök áhætta tengd áhrifum faraldurs COVID-19 (allar einingar)

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2020. Gerð er sérstaklega grein fyrir þeim í áritun okkar á ársreikninginn.



Veikleikar í innra eftirliti

Við endurskoðun okkar höfum við aflað okkur þekkingar á rekstrarumhverfi og innra eftirliti Reykjavíkurborgar. Ef við verðum vör við verulega ágalla í innra eftirliti ber okkur að upplýsa borgarstjórn og endurskoðunarnefnd um slíka ágalla skriflega og er þá gerð grein fyrir þeim í þessari skýrslu. Þá höfum tekið saman ýmsar smávægilegri ábendingar og athugasemdir er varðar innra eftirlit og ferli við gerð reikningsskila og komið á framfæri við stjórnendur. Sjá nánar í kafla 3.



Óleiðrættar skekkjur

Skekkjur fundust við endurskoðun okkar sem reyndust yfir skráningarmörkum og hafa ekki verið leiðrættar í reikningsskilunum. Skekkjurnar eru ekki þess eðlis að hafa áhrif á álit okkar á reikningsskilunum, hvorki samanlagðar né einar og sér. Þeim hefur verið safnað saman á lista sem lagður er fyrir stjórnendur til upplýsinga og staðfestingar.

Óleiðrættar skekkjur í A-hluta nema samtals 97,3 millj.kr. og er rekstrarniðurstaða vanmetin sem því nemur.

Óleiðrættar skekkjur í samanteknum reikningsskilum A- og B-hluta nema 124,7 millj. kr og er rekstrarniðurstaða vanmetin sem því nemur.

Helstu áherslur við endurskoðun

Innlausn tekna

Allar rekstrareiningar



Við endurskoðun ársreiknings Reykjavíkurborgar, sem og við endurskoðun B-hluta fyrirtækja, er sérstök áhersla lögð á innlausn tekna. Er það ekki síst í ljósi þeirra krafna endurskoðunarstaðla að sviksemisáhætta sé jafnan bundin tekjuskráningu. Tekjum sveitarfélagsins má grófllega skipta í þrennt, skatttekjur, framlagi jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og aðrar sértekjur sviða og B-hluta félaga. Tekjur skiptast svo:

<i>í ma.kr.</i>	2020	2019	%
Útsvar	80,8	78,1	3%
Fasteignaskattar	22,0	21,2	4%
Skatttekjur samtals	102,8	99,3	3%
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	8,0	7,5	7%
Sértekjur sviða	16,7	16,5	1%
Sala byggingarréttar og söluhagnaður eigna	1,2	0,0	-
Tekjur A-hluta samtals	128,7	123,3	4%
Orkuveita Reykjavíkur	48,6	46,6	4%
Faxaflóahafnir sf	3,5	4,1	-15%
Félagsbústaðir hf.	4,7	4,5	4%
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.	3,2	3,1	4%
Sorpa Bs.	3,8	3,8	-1%
Strætó bs.	8,1	8,7	-8%
Önnur félög	1,8	2,3	-23%
Milliviðskipti	-11,4	-11,3	1%
Tekjur A- og B-hluta samtals	190,9	185,2	3%

Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum hverrar rekstrareiningar fyrir sig. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna. Við höfum skoðað og lagt mat á tölvueftirlitsumhverfi hverrar einingar þ.s. við höfum m.a. farið yfir hvernig aðgangsstýringum er háttáð inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu.

Við höfum beitt gagnaendurskoðunar aðgerðum þar sem við höfum m.a. beðið um staðfestingu ákveðinna viðskiptavina á veltu og viðskiptastöðu um áramót eða staðfest viðskiptastöðu með öðrum hætti.

Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir út frá magn- og verðaukningu þar sem við höfum borið saman væntingar okkar við raunverulega tekjuskráningu.

Tilvist og nákvæmni varanlegra rekstrarfjármuna



Varanlegir rekstrarfjármunir eru stærsti einstaki efnahagsliðurinn og nemur 628,3 ma. kr. árið 2020 samanborið við 601,9 ma. kr. árið 2019 fyrir A- og B-hluta en 162,6 ma. kr. árið 2020 samanborið við 153,9 ma. kr. fyrir A-hluta árið á undan. Sérstök áhersla er lögð á endurskoðun varanlegra rekstrarfjármuna Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur.

Við fórum yfir ferli við eignfærslu varanlegra rekstrarfjármuna, m.a. flæði verkbeiðnikerfisins við fjárhagskerfið Agresso. Við prófuðum valdar eftirlitsaðgerðir er snúa að eignfærslum og framkvæmdum greiningaraðgerðir er snúa að fyrningarskrám ásamt því að endurreikna fyrningar.

Eignfærslur ársins 2020 staðfestum við með úrtaksprófunum. Við áttum í beinum samskiptum við ábyrgðaraðila verkefna, bæði í Orkuveitunni og hjá Reykjavíkurborg og fórum yfir eðli og tilgang þeirra ásamt samþykki einstaka verkefna innan verkbeiðna.

Helstu áherslur við endurskoðun

Mat lífeyrisskuldbindinga



Lífeyrisskuldbinding sem færð er til skuldar í efnahagsreikningi A-hluta nemur 39,5 ma. kr. í árslok og nemur gjaldfærsla vegna skuldbindingarinnar 3,3 ma. kr. á árinu sem var svipuð fjárhæð og árið á undan.

Við mat á lífeyrisskuldbindingu Reykjavíkurborgar eru notaðar forsendur um dánar- og lífslíkur í samræmi við tillögu Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga að breytingu dánar- og eftirlífendataflna frá 1. mars 2015. Þær forsendur gera ráð fyrir að dánartíðni haldi áfram að lækka og meðalævi lengist í stað þess að miða við reynslu undangenginna ára. Útreikningar lífeyrisskuldbindingar eru í höndum tryggingastærðfræðings Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb).

Við höfum yfirfarið þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar mati lífeyrisskuldbindingar. Þá höfum við fundað með tryggingastærðfræðingi, yfirfarið vinnulag hans yfir útreikninga og metið hæfi hans.

Þá höfum við beitt greiningaraðgerðum þar sem settar eru fram væntingar skuldbindingar í árslok út frá þróun í hagstærðum, réttindaávinnslu og greiðslu til lífeyrisþega.

Langtímakröfur



Reykjavíkurborg hefur gert ýmsa samninga um úthlutanir lóða og sölu byggingarrétta á undanförunum árum. Oft fela þessir samningar í sér greiðslu fyrir byggingarétti og gatnagerðargjöld að uppfylltum ákveðnum skilyrðum í framtíðinni og þá með afhendingu eigna. Samtals nema langtímakröfur 7,9 ma. kr. að nafnverði í bókum borgarinnar. Til að mæta þeirri óvissu sem kann að vera um tímasetningu á innheimtu krafna og vegna annarra óvissuþátta hefur verið færð 5,9 ma. kr. varúðarniðurfærsla til lækkunar á bókfærðu virði þeirra í ársreikningnum en óvissa er um fjármögnun nokkurra verkefna.

Innleiddar voru nýjar verklagsreglur um niðurfærslu langtímakrafna á síðasta ári. Verklagi um tekjufærslu byggingarrétta hefur verið breytt og í vinnslu eru verklagsreglur sem skjalfesta það verklag.

Við höfum yfirfarið forsendur fyrir mati á niðurfærsluþörf langtímakrafna og staðfest tilvist þeirra með skoðun á undirliggjandi gögnum.

Helstu áherslur við endurskoðun

Launakostnaður

Launakostnaður í A-hluta nemur 76,3 ma. kr. á árinu og meðalfjöldi stöðugilda nemur 7.753 á árinu. Launakostnaður greinist svo:

<i>í ma. kr.</i>	2020	2019	%
Laun	61,8	54,3	14%
Launatengd gjöld	14,6	13,1	12%
Breyting áfallins orlofs	0,9	0,2	281%
Áhrif afturvirkra ákvæða í kjarasamningum	-0,7	0,7	-200%
Millifærð/eignfærð laun	-0,3	-0,2	121%
Laun og launatengd gjöld samtals	76,3	68,2	12%
Meðalfjöldi stöðugilda	7.783	7.399	5%

Í mars 2020 voru gerðir kjarasamningar við Eflingu og Sameyki en samningar höfðu verið lausir frá því 1. apríl 2019. Fólu hinir nýsamþykktu kjarasamningar í sér afturvirkar leiðréttingar launa sem komu til greiðslu í maí 2020. Á árinu 2019 voru gjaldfærðar 676 millj. kr. vegna áhrifa afturvirkra ákvæða í kjarasamningum. Er þeirri gjaldfærslu því snúið við á árinu 2020.

Áhrif nýrra kjarasamninga veða þungt í rekstri A-hluta sem og í öðrum félögum sem tilheyra samstæðu Reykjavíkurborgar.

Við höfum yfirfarið upplýsingar í launakerfi og afstemmt við fjárhagsbókhald. Þá höfum við framkvæmt greiningaraðgerðir á launakostnaði og launatengdum gjöldum. Við framkvæmdum sérstaka launaskoðun á völdum starfsmönnum, þar sem laun voru borin saman við ráðningarsamning ásamt því að framkvæma prófanir á eftirlitsaðgerðum í launaferli, þá sérstaklega samþykki launa.



Mat fjárfestingareigna



Fjárfestingareignir Félagsbústaða námu 99,0 ma. kr. þann 31. desember 2020 og matsbreyting fjárfestingareigna nam 1,8 ma. kr. á árinu 2020 samanborið við 4,8 ma. kr. á árinu 2018.

Fjárfestingarfasteignir eru fasteignir ætlaðar til útleigu eða sölu en ekki til notkunar hjá félaginu. Þær eru metnar á gangvirði í reikningsskilunum í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 40. Við gangvirðismatið er stuðst við fasteignamat á eignum í eigu félagsins sem verðleiðrétt er með vísitölu íbúðarverðs í fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu, en fasteignamat tekur mið af viðskiptum með fasteignir í febrúar ár hvert.

Við höfum yfirfarið útreikninga á gangvirðismati og staðfest hækkun á vísitölu íbúðaverðs sem notuð er við matið. Þá höfum við fengið yfirlit yfir eignir í eigu félagsins frá Þjóðskrá Íslands og staðfest heild og tilvist fasteigna.

Félagið fékk ytri ráðgjafa til aðstoðar við framkvæmd gangvirðismats við ársuppgjör. Beindist yfirferðin sérstaklega að mati á gangvirði þeirra eigna sem kunna vera bundnar kvöðum sem gætu haft áhrif á gangvirðismatið.

Við höfum átt viðræður á árinu við endurskoðunarnefnd og stjórn félagsins um reikningsskilaaðferðir félagsins í kjölfar tveggja álita opinberra nefnda sem fjalla um reikningsskil, sjá nánar á bls. 30.

Helstu áherslur við endurskoðun

Mat á gangvirði framleiðslukerfa



Dreifikerfi og framleiðslukerfi Orkuveitu Reykjavíkur eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningi A- og B-hluta, sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum afskriftum frá þeim tíma. Endurmat eigna er fært yfir eigið fé. Ekkert endurmat var fært á árinu 2020.

Endurmatið er byggt á gangvirði en gangvirðið er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Endurstofnverðið byggir á breytingu á byggingarvísitölu ef breytingin telst veruleg. Endurmat eigna er þó takmarkað við fjárhæð sem nemur núvirtu sjóðstreymi tekjuaflandi eininga. Núvirt sjóðstreymi er mjög næmt fyrir forsendum sem háðar eru mati stjórnenda. Af þeim sökum höfum við skilgreint mat dreifi- og framleiðslukerfa sem verulega áhættu við endurskoðunina.

Við höfum yfirfarið ferli OR við mat á varanlegum fastafjármunum. Við förum yfir aðferðafræði félagsins og lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði á opinberum upplýsingum þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur eru ekki rekjanlegar við opinberar upplýsingar leggjum við sjálfstætt mat á þær. Við förum einnig yfir virkni líkansins sem félagið notar við matið. Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.

Mat innbyggðrar afleiðu



Innbyggð afleiða í raforkusölusamningum Orkuveita Reykjavíkur er færð sérstaklega þar sem verð ákveðinna raforkusamninga við stórnotendur eru bundnir við álverð. Þar sem áhætta á sölu á rafmagni og álverði er ekki nátengd gera reikningskilastaðlar kröfu um að áhættan er snýr að tengingu við álverð sé metin sérstaklega.

Innbyggðar afleiður raforkusölusamninga eru færðar til eignar eða skuldar á efnahagsreikningi á gangvirði á uppgjörstigi og gangvirðisbreyting ársins er færð í rekstrarreikning. Áhrif innbyggðra afleiðu á ársreikninginn eru eftirfarandi:

Gangvirði innbyggðra afleiða í ársbyrjun.....	-6.679	-5.317
Breyting á gangvirði.....	723	-1.362
Gangvirði innbyggðra afleiða í árslok.....	-5.956	-6.679

Mat innbyggðrar afleiðu er háð forsendum stjórnenda sem og ytri þáttum. Sökum þess hversu viðkvæmt matið er gagnvart breytingum í forsendum teljum við þessa áhættu vera verulega.

Við höfum yfirfarið ferli Orkuveitunnar við mat á innbyggðu afleiðunni. Við förum yfir aðferðafræði félagsins við matið og bárum saman forsendur við opinberar upplýsingar þar sem þær liggja fyrir og lögðum mat á aðrar forsendur.

Við endurreiknuðum virði afleiðunnar miðað við þær upplýsingar sem við öfluðum. Við förum einnig yfir virkni líkansins sem félagið notar við matið. Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.

Helstu áherslur við endurskoðun

Viðskipti við tengda aðila

Allar rekstrareiningar



Reykjavíkurborg á nokkur viðskipti við B-hluta fyrirtæki, sem einnig eiga í viðskiptum sín á milli. Viðskipti við tengda aðila náðu meðal annars til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og álagningu opinberra gjalda, sem og annarra þjónustusamninga og eignakaupa.

Engin veruleg viðskipti milli tengdra aðila áttu sér stað á árinu.

Endurskoðun okkar á viðskiptum við tengda aðila felst í yfirferð á stærstu hreyfingum og afstemmingum á viðskiptastöðum milli félaga. Þá höfum við einnig kannað hvort einstök viðskipti eða ákvæði þjónustusamninga séu í öllum meginatriðum sambærileg og við ótengda aðila.

Áhættan á sniðgöngu stjórnenda á innra eftirliti

Allar rekstrareiningar



Samkvæmt alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum ber endurskoðendum að ganga út frá því að áhættan sé fyrir hendi að stjórnendur kunni að sniðganga innra eftirlit. Við höfum því framkvæmt endurskoðunaraðgerðir sem viðbrögð við þeirri áhættu í öllum rekstrareiningum.

Helstu aðgerðir þessu tengdu snúa að dagbókarfærslum, s.s. yfirferð á óhefðbundnum færslum og greiningu á færslum sem gætu verið vísbendingar um sviksemi. Þá er sniðganga stjórnenda í innra eftirliti alltaf höfð til hliðsjónar við yfirferð á matskenndum liðum reikningsskilanna. Þá höfum við einnig skipulagt aðgerðir við endurskoðun launa sem m.a. eru viðbrögð við þessari áhættu.

Skuldbindingar utan efnahags og ábyrgðir



Gerð er grein fyrir skuldbindingum utan efnahagsreiknings í ársreikningnum. Um er að ræða skuldbindingar vegna rekstrar- og þjónustusamninga sem Reykjavíkurborg er aðili að og ábyrgðir á tilteknum skuldum vegna kirkjubygginga. Þá er jafnframt upplýst um skuldbindingar A-hluta Reykjavíkurborgar vegna B-hluta fyrirtækja utan efnahags.

Við höfum yfirfarið upplýsingar í ársreikningi um skuldbindingar utan efnahagsreiknings og ábyrgðir og lagt mat á réttmæti þeirra, auk þess að hafa skipulagt endurskoðunaraðgerðir til að leita eftir vísbendingum um samninga, ábyrgðaryfirlýsingar eða annað sem gæti gefið tilefni til skuldbindinga utan efnahagsreiknings sem greina þarf frá.

Athygli er vakin á því að skuldbindingar utan efnahags vegna Félagsbústaða hafa aukist um 12,7 ma. kr. á síðustu tveimur árum vegna ábyrgða sem Aðalsjóður gekkst við vegna útgáfu félagslegra skuldabréfa. Á móti kemur að skuldbindingar vegna skulda Orkuveitu Reykjavíkur hafa lækkað um 14,0 ma. kr. á síðustu tveimur árum þar sem Orkuveitan hefur endurfjármagnað skuldir sínar á erlendum mörkuðum.

Áhrif faraldurs kórónaveiru COVID-19

Allar rekstrareiningar



Við endurskoðun ársins 2020 var sérstaklega beint sjónum að áhrifum faraldurs kórónaveiru á rekstrarumhverfi og fjárhagsstöðu allra rekstrareininga innan samstæðu borgarinnar. Áhættan var sérstaklega höfð til hliðsjónar við mat á innlaun tekna, innheimtanleika krafna og við mat á rekstrarhæfi. Einnig voru yfirfarðar skýringar og upplýsingar í ársreikningum allra rekstrareininga vegna áhrifa faraldursins. Sjá nánari umfjöllun á bls. 29.

Kafli 2

Rekstrarniðurstaða A-hluta




Rekstrarreikningur A-hluti

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings A-hluta

- Rekstrarhalli af A-hluta Reykjavíkurborgar nam 5,8 ma. kr. á árinu samanborið við 1,4 ma. kr. afgang árið áður.
- Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs nemur samtals 110,8 ma. kr., hækka um 4% milli ára. Útvarstekjur borgarinnar hafa aukist um 3% milli ára, helst í hendur við íbúafjölgun og hækkun launavísitölu. Fasteignaskattar hafa aukist um 4% milli ára. Framlag jöfnunarsjóðs nemur 8,0 ma. kr. og eykst um 0,5 ma. kr samanborið við síðasta ár.
- Aðrar tekjur nema 17,9 ma. kr. á árinu. Aðrar tekjur eru helstar þjónustutekjur, eignatekjur og aðrar sértekjur sviða. Aðrar tekjur aukast um 1% milli ára, helst vegna hærri tekjufærslu af seldum byggingarréttum og söluhagnaði eigna.
- Laun og launatengd gjöld aukast um 12% milli ára. Meðalfjöldi stöðugilda eykst um 5% á milli en ára en helstu ástæður aukningar launakostnaðar er tilkominn vegna nýrra kjarasamninga sem samþykktir voru í mars 2020.
- Annar rekstrarkostnaður nemur 49,1 ma. kr. og eykst um 7% milli ára.
- Afskriftir ársins aukast á milli ára um 10% nema 5,9 ma. kr. Helst má rekja aukningu til nýfjárfestinga.
- Hreinar fjármagnstekjur nema 0,1 ma. kr. samanborið við 0,4 ma. kr. árið á undan.


<i>i m.kr.</i>	2020	2019	%
Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs	110,8	106,8	4%
Aðrar tekjur	17,9	16,5	8%
Laun og launatengd gjöld	-76,3	-68,2	12%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-3,3	-3,2	4%
Annar rekstrarkostnaður	-49,1	-45,7	7%
Rekstrarhagnaður án afskrifta	-0,1	6,3	-101%
Fyrningar	-5,9	-5,3	10%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0,1	0,4	-77%
Hagnaður ársins	-5,8	1,4	-530%




Samanburður við fjárhagsáætlun A-hluti

Samanburður við fjárhagsáætlun A-hluta

- Fjárhagsáætlun með viðaukum gerði ráð fyrir rekstrarafgangi sem nemur 1,5 ma. kr. 2,5 ma. kr. rekstrarafgangur var af rekstri A-hluta samkvæmt upphaflegri fjárhagsáætlun.
- Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs reyndust 2,8 ma. kr undir áætlunum. Aðrar tekjur reyndust 4,0 ma. kr. undir áætlunum, sérstaklega þar sem tekjur af seldum byggingarréttum og seldum lóðum reyndust lægri en áætlað hafði verið.
- Launaliður reyndist lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir en annar rekstrarkostnaður hærri.
- Að neðan má sjá aukningu hreinna útgjalda (útgjöld að frádragnum sértekjum) einstakra sviða samanborið við áætlun.



<i>i m.kr.</i>	Raun	Áætlun	%
Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs	110,8	113,6	-2%
Aðrar tekjur	17,9	21,9	-18%
Laun og launatengd gjöld	-76,3	-74,6	2%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-3,3	-3,4	-1%
Annar rekstrarkostnaður	-49,1	-49,9	-2%
Rekstrarhagnaður án afskrifta	-0,1	7,6	-101%
Fyrningar	-5,9	-5,6	4%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	0,1	-0,5	-119%
Hagnaður ársins	-5,8	1,5	-485%



Efnahagsreikningur A-hluti

Helstu niðurstöður efnahagsreiknings A-hluta



- Heildareignir A-hluta námu 215,6 ma. kr. í árslok 2020, aukast um 3% milli ára.
- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 162,6 ma. kr. og samanstanda af fasteignum, gatnakerfum og áhöldum og tækjum auk þess sem leigusamningar sem uppfylla skilyrði um eignfærslu eru reiknaðir upp og færðir meðal fastafjármuna. Eignfærslur ársins að frádregnum gatnagerðargjöldum námu 13,9 ma. kr. og fyrningar 5,9 ma. kr.
- Meðal áhættufjármuna og langtímakrafna eru veitt stofnframlög, eignarhlutir í félögum, þ.a.m. B-hluta fyrirtækjum, kröfur á Orkuveitu Reykjavíkur auk ýmissa langtímakrafna vegna seldra byggingarrétta og úthlutaðra lóða. Samtals er bókfært verð þessara eigna 23,8 ma. kr. og dragast saman um 8,3 ma. kr. frá áramótum. Ástæða lækkunar er helst uppgreiðslur hluta lána til Orkuveitu Reykjavíkur.
- Veltufjármunir nema 29,2 ma. kr., þar af handbært fé 8,1 ma. kr. Veltufjárhlutfall er 1,28.
- Lífeyrisskuldbinding nemur 36,9 ma. kr. og eykst um 0,6 ma. kr. milli ára.
- Langtímaskuldir nema 64,0 ma. kr. á árinu, aukast um 8,5 ma. kr. á milli ára. Reykjavíkurborg gaf út ný skuldabréf að fjárhæð 9,4 ma. kr. á árinu.
- Skammtímaskuldir nema 19,7 ma. kr. á árinu samanborið við 18,0 ma. kr. í upphafi ársins.
- Eigið fé A-hluta nemur 91,8 ma. kr. og eiginfjárhlutfall er 43%.

<i>í ma.kr.</i>	31.12.2020	31.12.2019	%
Varanlegir rekstrarfjármunir	162,6	153,9	6%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	23,8	32,1	-26%
Fastafjármunir samtals	186,3	186,0	0%
Næsta árs afborganir langtímakrafna	3,6	1,9	87%
Aðrar skammtímakröfur	17,5	13,1	34%
Handbært fé	8,1	8,8	-8%
Veltufjármunir samtals	29,2	23,9	22%
Eignir samtals	215,6	209,9	3%
	31.12.2020	31.12.2019	%
Eigið fé	91,8	97,7	-6%
Lífeyrisskuldbinding	36,9	36,3	2%
Langtímaskuldir og leiguskuldir	64,0	55,4	15%
Langtímaskuldir og skuldbindingar	100,9	91,7	10%
Næsta árs afb. langt.skulda	3,2	2,5	27%
Aðrar skammtímaskuldir	19,7	18,0	9%
Skammtímaskuldir samtals	22,8	20,5	11%
Skuldir og eigið fé samtals	215,6	209,9	3%

Fjárfestingar og sjóðstreymi A-hluti

Fjárfestingar A-hluta

- Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 14,7 ma. kr. samanborið við 16,1 ma. kr. fjárfestingar á síðasta ári. Áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir 15,0 ma. kr. fjárfestingum.
- Handbært fé frá rekstri nam 1,1 ma. kr. samanborið við 11,0 ma. kr. á síðasta ári.
- Tekin voru ný lán sem námu 9,4 ma. kr á árinu með skuldabréfaútgáfu.



Kafli 3

Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta og helstu B-hluta félaga




Rekstrarreikningur A- og B-hluti

Helstu niðurstöður rekstrarreiknings A- og B-hluta

- Tap A- og B-hluta nam 2,8 ma. kr. á árinu samanborið við 11,2 ma. kr. hagnað árið áður.
- Rekstrarhagnaður án afskrifta nemur 33,1 ma. kr. og dregst saman um 6,2 ma. kr. milli ára eða sem nemur 16%. Lækkun rekstrarhagnaðar skýrist helst af hækkunum launakostnaðar.
- Innbyggð afleiða í reikningsskilum Orkuveitu Reykjavíkur hefur nokkur áhrif á rekstrarniðurstöðu ársins, líkt og undanfarin ár. Tekjufærsla vegna afleiðunnar nemur 0,7 ma. kr. samanborið við 1,4 ma. kr. gjaldfærslu árið á undan.
- Matsbreyting fjárfestingarfasteigna Félagsbústaða hf. nemur 1,8 ma. kr. en nam 4,8 ma. kr. árið áður.
- Tekjuskattur reiknast af skattskyldri starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur, sveiflur milli ára helgast af áhrifum innbyggðrar afleiðu.


<i>í ma.kr.</i>	2020	2019	%
Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs	110,1	106,1	4%
Aðrar tekjur	80,8	79,1	2%
Laun og launatengd gjöld	-93,1	-83,3	12%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-3,3	-3,3	2%
Annar rekstrarkostnaður	-61,3	-59,2	4%
Rekstrarhagnaður án afskrifta	33,1	39,4	-16%
Fyrningar	-20,6	-19,0	9%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-17,6	-11,5	53%
Áhrif innbyggðar afleiðu OR	0,7	-1,4	-153%
Tekjuskattur	0,1	-0,4	-117%
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	1,8	4,8	-63%
Hlutdeild í hagnaði hlutdeildar- og dótturf.	-0,3	-0,8	-63%
Hagnaður ársins	-2,8	11,2	-125%




Samanburður við fjárhagsáætlun A- og B-hluti

Samanburður við fjárhagsáætlun A- og B-hluta

- Áætlanir gerðu ráð fyrir rekstrarafgangi sem nemur 11,9 ma. kr. af samanteknum A- og B-hluta. Helst munar um frávik í öðrum tekjum, bæði A-hluta og Orkuveitu Reykjavíkur. Þá var rekstur nær allra B-hluta félaga verri en áætlað hafði verið á árinu 2020.
- Að neðan má sjá aukningu hreinna útgjalda (útgjöld að frádregnum sértekjum) einstakra félaga í samanteknum A- og B-hluta Reykjavíkurborgar samanborið við áætlun.



<i>i ma.kr.</i>	Raun	Áætlun	%
Skatttekjur og framlag jöfnunarsjóðs	110,1	112,9	-2%
Aðrar tekjur	80,8	89,4	-10%
Laun og launatengd gjöld	-93,1	-91,5	2%
Hækkun lífeyrisskuldbindinga	-3,3	-3,4	0%
Annar rekstrarkostnaður	-61,3	-64,2	-4%
Rekstrarhagnaður án afskrifta	33,1	43,2	-23%
Fyrningar	-20,6	-19,4	6%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-16,8	-11,5	46%
Matsbreyting fjárfestingarfasteigna	1,8	1,5	20%
Aðrir liðir	-0,2	-1,9	-87%
Hagnaður ársins	-2,8	11,9	-123%





Rekstur helstu B-hluta félaga

Orkuveita Reykjavíkur

- Hagnaður tímabilsins nemur 5,5 ma. kr. samanborið við 6,9 ma. kr. árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 48,6 ma. kr., hækka um 4% milli ára, þá sérstaklega vegna aukinnar sölu á heitu vatni.
- Rekstrarhagnaður án afskrifta dregst saman um 5% milli ára.
- Veikning krónunnar hafði töluverð neikvæð áhrif á rekstur Orkuveitunnar á árinu, gjaldfært gengistap nam 4,6 ma.kr.



i ma. kr.





Félagsbústaðir



- Hagnaður tímabilsins nemur 1,4 ma. kr. samanborið við 4,5 ma. kr. árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 4,7 ma. kr., hækka um 5% milli ára. Hækkun rekstrartekna má helst rekja til stækkandi eignasafns og verðtryggingar leigugreiðslna.
- Rekstrarkostnaður eykst um 3% á milli ára
- Matsbreyting fjárfestingareigna í eigu félagsins nam 1,7 ma.kr samanborið við 4,8 ma. kr. árið áður. Einnig var tekjufærð sérstaklega um 157 millj. kr. vegna sölu húsnæðis á Hallveigarstíg.
- Félagið hefur endurfjármagnað skuldir sínar með hagstæðari lánakjörum á árinu, líkt og síðasta ár.

i ma. kr.




Rekstur helstu B-hluta félaga

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.




- Tap af rekstri Slökkviliðsins nemur 210 millj. kr. samanborið við 129 millj. kr. hagnað árið á undan. Rekstrarhagnaður án afskrifta var neikvæður um 74 millj. kr. samanborið við 214 m. kr. hagnað árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 3.233,0 millj. kr. hækka um 4% milli ára en mest aukning er í tekjum vegna sjúkraflutninga og framlags eiganda en aðrar sértekjur dragast verulega saman.
- Laun og launatengd gjöld byggðasamlagsins aukast um 15% milli ára vegna nýrra kjarasamninga við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna. Annar rekstrarkostnaður eykst einnig vegna áhrifa faraldursins á starfsemi byggðasamlagsins.



Faxaflóahafnir sf.



- Hagnaður tímabilsins nemur 391 millj. kr. samanborið við 883 millj.kr. árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 3.485 millj. kr. og dragast saman um um 15% milli ára. Lækkunina má helst rekja til lækkana í skipagjöldum, farþegagjaldi og hafnarþjónustu vegna áhrifa af COVID-19 faraldrinum. Nánast engin farþegaskip komu til hafnarinnar á árinu 2020 og vegur það mikið sérstaklega yfir sumarmánuðina.
- Launakostnaður eykst um 10% milli ára, helst vegna kjarasamningsbundinna hækkana en annar rekstrarkostnaður dregst saman samhliða samdrætti í starfsemi félagsins.
- Söluhagnaður sem rekja má til sölu dráttarbáts nam 185 millj. kr. og er færður sérstaklega sem óreglulegur liður.




Rekstur helstu B-hluta félaga

Sorpa bs.




- Tap var á rekstri Sorpu sem nam 144,1 millj. kr. samanborið við 96,3 millj. kr. hagnað árið á undan.
- Rekstrartekjur nema 3.807,8 millj. kr. dragast saman um 40 millj. kr. miðað við síðasta ár.
- Laun og launatengd gjöld aukast um 16% milli ára en annar rekstrarkostnaður dregst saman um 7%. Lækkun rekstrarkostnaðar má rekja til aðhaldsaðgerða í rekstri og samdrætti í hluta starfseminnar.
- Aukning í afskriftum má rekja til gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi sem tekin var í notkun um mitt árið og afskriftir á henni hafnar samhliða. Þá aukast vaxtagjöld félagsins vegna lána sem tekin voru tengdum fjárfestingum í Álfsnesi.



Strætó bs.



- Tap er af rekstri Strætó bs. á árinu sem nemur 453,9 millj. kr. samanborið við 36,9 millj. kr. tap árið á undan.
- Rekstrarframlög eignaraðila nema 3.825,8 millj. kr., aukast um 7% á milli ára. Rekstrarframlög eru innheimt á grundvelli fjárhagsáætlunar. Fargjaldasala og akstursþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra dregst hins vegar verulega saman á árinu sem útskýrir um 658 millj. kr. tekjufall.
- Aðkeyptur akstur fatlaðs fólks og aldraðra dregst saman um 396 millj. kr. sem útskýrir lækkun á rekstrarkostnaði milli ára. Að þeim frátöldum eykst rekstrarkostnaður um 161. millj. kr. þá helst vegna hækkunar launakostnaðar.



Efnahagsreikningur A- og B-hluti








Helstu niðurstöður efnahagsreiknings A- og B-hluta

- Heildareignir A- og B-hluta námu 730,4 ma. kr. í árslok 2020, aukast um 6% milli ára. Eigið fé nemur 344,6 ma. kr. og er eiginfjárlutfall 47%.
- Varanlegir rekstrarfjármunir nema 628,3 ma. kr. og samanstanda af fasteignum, gatnakerfum, áhöldum og tækjum, leigueignum auk veitukerfa. Veitukerfi Orkuveitu Reykjavíkur nema 327,6 ma. kr. að bókfærðu verði eða sem nemur 44% af öllum varanlegum fastafjármunum samstæðunnar. Eignfærslur ársins að frádregnum gatnagerðargjöldum námu 34,8 ma. kr., fyrningar 20,8 ma. kr. og endurmat lóða og lenda nemur 0,2 ma. kr., en það er fært yfir eigið fé.
- Meðal áhættufjármuna og langtímakrafna eru veitt stofnframlög, eignarhlutir í félögum utan samstæðu, tekjuskattsinneign Orkuveitu Reykjavíkur, auk ýmissa langtímakrafna vegna seldra byggingarrétta og úthlutaðra lóða. Samtals er bókfært verð þessara eigna 30,4 ma. kr.
- Veltufjármunir nema 68,9 ma. kr., þar af handbært fé 41,6 ma. kr. Veltufjárlutfall er 124%.
- Meðal skuldbindinga er lífeyrisskuldbinding A-hluta og tekjuskattsskuldbinding Orkuveitu Reykjavíkur, auk skuldbindinga vegna stofnframlaga frá Ríki hjá Félagsbústöðum. Samtals nema skuldbindingar 54,7 ma. kr. og aukast um 2% milli ára.
- **Langtímaskuldir nema 270,2 ma. kr. á árinu, aukast um 33,6 ma. kr. á milli ára. Reykjavíkurborg gaf út ný skuldabréf að fjárhæð 4,8 ma. kr. á árinu. Orkuveita Reykjavíkur og Félagsbústaðir fóru einnig í skuldabréfaútgáfu. Orkuveita Reykjavíkur gaf út græn skuldabréf fyrir 13,8 ma. kr. og Félagsbústaðir gáfu út félagsleg skuldabréf fyrir 6,4 ma. kr.**
- Innbyggðar afleiður og áhættuvarnarsamningar samanstanda af afleiðusamningum á efnahagsreikningi Orkuveitu Reykjavíkur. Samtals nema innbyggðar afleiður 5,5 ma. kr. til skuldar í árslok samanborið við 5,9 ma. kr. árið áður.

<i>i ma.kr.</i>	31.12.2020	31.12.2019	%
Óefnislegar eignir	2,8	2,5	14%
Varanlegir rekstrarfjármunir	628,3	601,9	4%
Áhættufjármunir og langtímakröfur	30,4	28,6	6%
Fastafjármunir samtals	661,5	632,9	5%
Birgðir	1,7	1,6	5%
Næsta árs afborganir langtímakrafna	0,4	0,9	-53%
Aðrar skammtímakröfur	25,2	31,5	-20%
Handbært fé og bundnar innistæður	41,6	21,9	90%
Veltufjármunir samtals	68,9	56,0	23%
Eignir samtals	730,4	688,9	6%

	31.12.2020	31.12.2019	%
Eigið fé	344,6	343,9	0%
Skuldbindingar	54,7	53,4	2%
Langtímaskuldir og leiguskuldir	270,2	236,6	14%
Innbyggðar afleiður og áhættuv.samningar	5,5	5,9	-7%
Langtímaskuldir og skuldbindingar	330,5	296,0	12%
Næsta árs afb. langt.skulda	20,7	17,5	18%
Aðrar skammtímaskuldir	34,7	31,5	10%
Skammtímaskuldir samtals	55,4	49,1	13%
Skuldir og eigið fé samtals	730,4	688,9	6%

Efnahagsreikningur A- og B-hluti


<i>í ma.kr.</i>								Önnur	Millifærslur	Samtals A+B
Óefnislegar eignir	-	2,5	-	-	-	-	-	-	-0,0	2,5
Varanlegir rekstrarfjármunir	153,9	331,4	92,3	2,3	12,9	6,8	1,9	3,4	-3,0	601,9
Áhættufjármunir og langtímakröfur	31,3	10,4	0,0	0,2	0,3	0,1	0,7	0,0	-15,2	27,8
Fastfjármunir samtals	185,2	344,3	92,4	2,4	13,2	6,8	2,6	3,4	-18,2	632,1
Birgðir	-	1,2	-	-	-	-	0,1	0,3	0,0	1,6
Næsta árs afborganir langtímakrafna	2,7	-	-	-	0,3	0,2	-	0,0	-1,4	1,7
Aðrar skammtímakröfur	12,9	5,9	0,3	0,2	1,2	0,5	0,7	0,2	9,6	31,3
Handbært fé og bundnar innistæður	8,8	18,5	1,1	0,3	1,4	0,4	0,4	0,9	-9,8	21,9
Veltufjármunir samtals	24,5	25,5	1,3	0,5	2,8	1,0	1,2	1,4	-1,7	56,6
Eignir samtals	209,7	369,9	93,7	2,9	16,0	7,9	3,7	4,8	-19,9	688,7
Eigið fé	97,7	182,3	47,2	2,2	14,9	3,8	1,7	2,3	-8,3	343,9
Skuldbindingar	36,3	15,4	1,6	-	-	0,4	-	0,2	-0,5	53,4
Langtímaskuldir og leiguskuldir	55,4	141,9	42,8	0,2	0,6	2,6	1,0	2,1	-10,0	236,6
Innbyggðar afleiður og áhættuv.samningar	-	5,3	-	-	-	-	-	-	0,6	5,9
Langtímaskuldir og skuldbindingar	91,7	162,6	44,4	0,2	0,6	3,0	1,0	2,3	-9,9	296,0
Næsta árs afb. langt.skulda	2,5	15,2	0,8	0,0	0,1	0,3	0,0	0,0	-1,5	17,5
Aðrar skammtímaskuldir	17,8	9,7	1,2	0,4	0,4	0,8	0,9	0,2	-0,3	31,3
Skammtímaskuldir samtals	20,2	25,0	2,1	0,5	0,5	1,1	1,0	0,2	-1,7	48,8
Skuldir og eigið fé samtals	209,7	369,9	93,7	2,9	16,0	7,9	3,7	4,8	-19,9	688,7

Fjárfestingar og sjóðstreymi A- og B-hluti


Fjárfestingar og sjóðstreymi A- og B-hluta

- Fjárfestingar að frádregnum eignfærðum gatnagerðargjöldum námu 38,7 ma. kr. samanborið við 45,7 ma. kr. fjárfestingum á síðasta ári. Áætlanir með viðaukum gerðu ráð fyrir 45,2 ma. kr. fjárfestingum.
- Orkuveita Reykjavíkur hefur fjárfest fyrir um 16,7 ma. kr. á árinu, helst í framleiðslukerfum og veitukerfum. Félagsbústaðir keyptu nýjar eignir á árinu fyrir 5,1 ma. kr.
- Handbært fé frá rekstri A- og B-hluta nam 23,1 ma. kr. samanborið við 36,2 ma. kr. á síðasta ári.
- Nokkur B-hluta félög tóku ný lán á árinu, bæði til endurfjármögnunar eldri skulda og til fjármögnunar nýfjárfestinga. Helstar eru lántökur hjá Orkuveitu Reykjavíkur 30,0 ma. kr. og hjá Félagsbústöðum 3,5 ma. kr..

Breytingar á handbæru fé



Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum



Kaflí 4

Ábendingar vegna innra eftirlits og önnur mikilvæg atriði



Innra eftirlit og fjárhagskerfi

Veikleikar í innra eftirliti og aðrar ábendingar

Við endurskoðun okkar á ársreikningi Reykjavíkurborgar höfum við skráð verkferla og innra eftirlit gerð reikningsskila og fjárhagsupplýsinga. Við höfum lagt fram nokkrar ábendingar eða athugasemdir í þeim tilgangi að styrkja innra eftirlit. Engin þessara athugasemda teljast verulegur ágalli í innra eftirliti. Þessum ábendingum og athugasemdum höfum við komið á framfæri við stjórnendur og þær helstu eru nefndar hér til hliðar.

Innri endurskoðun

Hjá Reykjavíkurborg er starfrækt innri endurskoðunardeild. Við teljum hlutverk innri endurskoðunar sérstaklega mikilvægan þátt í eftirlitskerfi borgarinnar. Við skipulagningu endurskoðunar og áhættumat okkar höfum við yfirfarið útgefnar skýrslur innri endurskoðunar og fundað með innri endurskoðanda.

Helstu ábendingar

- Markvisst hefur verið unnið í úrbótum á þeim ábendingum sem lagðar hafa verið fram við endurskoðun undanfarinna ára.
- Í endurskoðunarskýrslu 2018 var þeirri ábendingu komið á framfæri að setja þarf reglur um tekjufærslu byggingarréttá og lóðaúthlutana og mat á kröfum þeim tengdum. Innleiddar voru nýjar verklagsreglur um niðurfærslu langtímakrafna á síðasta ári. Verklagi um tekjufærslu byggingarréttá hefur verið breytt og í vinnslu eru verklagsreglur sem skjalfesta það verklag.
- Einnig er það mat okkar að þörf er á að endurskoða reglur um innlausn gatnagerðargjalda og krafna þeim tengdum og höfum við komið þeim ábendingum á framfæri til Fjármála- og áhættustýringarsviðs.
- Nokkrum athugasemdum og ábendingum er komið á framfæri varðandi upplýsingatæknimál. Unnið er að úrbótum á þessum ábendingum.

Stjórnsýsluskoðun og fjárhagsleg viðmið

Kröfur um stjórnsýsluskoðun

Samhliða vinnu við endurskoðun ársins 2020 hefur verið kannað hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélagsins og einstakar ákvarðanir þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélaga, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskyldu sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.



Ábendingar og athugasemdir

- Frá árinu 2008 hefur innri endurskoðun framkvæmt mat á eftirlitsumhverfi Reykjavíkurborgar og birt skýrslur þess efnis með reglulegum hætti. Þessar úttektir eru mikilvægur þáttur í að bæta almennt umhverfi stjórnsýslu og innra eftirlits. Þá framkvæmir innri endurskoðun árlegar úttektir samkvæmt framlagðri endurskoðunaráætlun. Nýjasta úttektin var birt í maí 2019. Að mati Innri endurskoðunar hefur eftirlitsumhverfi borgarinnar styrkst með samþykkt tillagna að breyttu stjórnskipulagi.
- Samkvæmt fjárhagsáætlun 2021-2025 þá mun samstæða borgarinnar ekki uppfylla fjárhagsleg viðmið sem sett eru í sveitarstjórnarlögum á komandi árum. Til stóð að fella niður heimild þess efnis að aðskilja veitu- og orkufyrirtæki frá við útreikning á skuldaviðmiði frá árinu 2022 og fer þá hlutfallið yfir 150% hámark. Sú heimild hefur nú verið framlengd til ársins 2025 með lagabreytingu. Samkvæmt tillögu að fjármálastefnu Reykjavíkurborgar er gert ráð fyrir að skuldaviðmið samstæðu verði komið undir 150% árið 2027.

Fjárhagsleg viðmið og aðrar reglur um fjármál sveitarfélaga

Sveitarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum.

Sveitarfélagið uppfyllir öll fjárhagsleg viðmið sem sett eru í sveitarstjórnarlögum og reglugerðum.



Önnur mikilvæg atriði

Málaferli og skaðabótakröfur

Við höfum fengið frá borgarlögmanni samantekt á málaferlum og mögulegum ágreiningsefnum sem leitt gætu til skaðabótakrafna á hendur borginni. Tilgangur yfirferðarinnar er að leggja mat á hvort greina þurfi frá slíkum málum í ársreikningi borgarinnar og mögulega færa upp skuldbindingar vegna þeirra. Engar slíkar skuldbindingar eru færðar í A-hluta í árslok 2020.

Gerð er grein fyrir stefnu Sérverks ehf. á hendur borginni vegna álagningar svonefnds innviðagjalds. Reykjavíkurborg var sýknuð af öllum dómskröfum en málinu hefur verið áfrýjað til Landsréttar. Má ætla að endurgreiðslur borgarinnar, falli málið borginni í óhag, komi til með að nema allt að milljarði króna.

Strætó bs. hefur fært upp skuldbindingar vegna viðurkenndrar skaðabótakröfu vegna ólögmeats útboðs. Þá er Orkuveita Reykjavíkur í málaferlum vegna uppgjörs gjaldfallinna afleiðusamninga, sjá nánar í skýringu 54 í ársreikningnum.

Þá má nefna að Reykjavíkurborg hefur höfðað mál gegn íslenska ríkinu vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, annars vegar vegna reksturs grunnskóla og hins vegar vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál. Kröfufjárhæðin nemur 5,4 ma. kr. að viðbættum vöxtum.

Áhrif COVID-19

Sérstök áhersla er lögð á fullnægjandi upplýsingagjöf í ársreikningnum vegna áhrifa faraldurs kórónuveiru á rekstur og fjárhagsstöðu einstakra rekstrareininga. Ítarleg umfjöllun er í skýringum ársreiknings Reykjavíkurborgar og skýrslu borgarstjóra og borgarstjórnar um áhrif faraldursins á borgina.

Í lok janúar 2020 var Neyðarstjórn Reykjavíkurborgar virkjuð til þess að takast á við áhrif faraldursins á starfsemi Reykjavíkurborgar. Áhrifanna hefur gætt með viðtökum hætti í sviði velferðar-, skóla-, íþróttar-, menningar- og umhverfismála, þar sem starfsemin hefur þurft að sæta takmörkunum og/eða lokunum.

Samantekið hafði samdráttur vegna kórónuveirufaraldursins og neikvæð þróun efnahagsstærða töluverð áhrif á rekstur samstæðu borgarinnar. Veiking krónunnar um 11% frá áramótum leiddi til 4,6 ma. kr. gjaldfærslu vegna gengismunar hjá OR. Tekjur Strætó, Faxaflóahafna, Sorpu og A-hluta Reykjavíkurborgar drógust umtalsvert saman, auk þess sem útgjöld voru meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna aðgerða tengdum Covid-19 faraldrinum.

Við vísum til þessarar umfjöllunar í áritun okkar við ársreikninginn án þess að gera fyrirvara við álit okkar.

Álitaefni um rekstrarhæfi B-hluta félaga

Við endurskoðun undanfarinna ára höfum við vakið athygli á fjárhagsstöðu Félagsbústaða hf. með umfjöllun um rekstrarhæfi félagsins. Samkvæmt eigendastefnu félagsins skal rekstur þess vera sjálfbær. Við teljum ekki að vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins en lítið má út af bregða svo handbært fé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána.

Þá viljum við einnig vekja athygli á rekstrarerfiðleikum Strætó og neikvæðum horfum í lausafjárstöðu félagsins. Þó þykir sýnt að þróun faraldursins og samkomutakmarkanir munu ráða miklu um þá þróun. Miðað við fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2021 var áætlað að lausafé félagsins yrði uppuríð í lok fyrsta ársfjórðungs. Fargjaldtekjur í janúar og febrúar voru þó hærrí en ráðgert var og lausafjárstaðan mun betri en áætlanir. Uppfærðar sjóðstreymisáætlanir fyrir árið gera þó ráð fyrir neikvæðri lausafjárstöðu í lok annars ársfjórðungs en muni rétta sig af síðari hluta árs. Félagið hefur fengið heimild frá eigendum sínum um töku skammtímalánsfjármögnunar allt að 300 millj. kr. sem ætti að tryggja viðunandi lausafjárstöðu út árið 2021.

Í fyrsta skipti í rekstrasögu SORPU bs. er tap á rekstri samlagsins samhlíða auknum fjárfestingum. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu er samlagið vel fjármagnað og með sterka stöðu eigin fjár. Það er mat okkar að ekki leiki vafi á rekstrarhæfi SORPU bs. en full ástæða sé að sýna árvekni.

Önnur mikilvæg atriði

Reikningsskilaaðferðir Félagsbústaða

Bæði Reikningsskilaráð og Reikningsskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga tóku til umfjöllunar reikningsskilaaðferðir Félagsbústaða á síðasta ári og birtu álit þess efnis. Reikningsskilaráð birti álit sitt í júlí 2020 og nefndin í október 2020. Bæði álit styðja þá túlkun á lögum og stöðlum sem félagið hefur stuðst við. Þá er einnig ekki vafi um að Reykjavíkurborg er heimilt að taka reikningsskil dótturfélagsins óbreytt í samstæðureikning sinn.

Félagsbústaðir styðjast við fasteignamat sem grunn að gangvirði eignasafns síns. Fyrir liggur að mögulega kann fasteignamat ekki að endurspeglar gangvirði fyrir ákveðinn hluta eignasafnsins vegna kvaða sem kunna að vera fyrir hendi á einstökum fasteignum eða þar sem þær eru mjög sérhæfðar.

Undanfarið ár hefur farið fram ítarlegri skoðun á áhrifum þessa kvaða af hálfu félagsins og lauk þeirri yfirferð við gerð ársuppgjörs með aðstoð utanaðkomandi reikningsskilaráðgjafa. Fyrir vikið er mat á gangvirði varfærnara en áður. Það er mat okkar að tekið hefur verið tillit til þessara áhættuþátta á eignasafninu með fullnægjandi hætti í reikningsskilum félagsins

Framsetning samantekinna reikningsskila

Í álitu Reikningsskila- og upplýsinganefndar sem birt var í október 2020 kom fram afdráttarlaus túlkun nefndarinnar að samstæðureikningur sveitarfélags skal gerður í samræmi við ákvæði laga um ársreikninga. Stangast það á við þá túlkun sem stuðst hefur verið við í reikningsskilum borgarinnar og annarra sveitarfélaga að um „samantekin reikningsskil“ sé að ræða, eins og þau eru skilgreind í reglugerð um reikningsskil sveitarfélaga sem sett er á grundvelli sveitarstjórnarlaga.

Þann 19. mars sl. var birt tilkynning frá nefndinni á vef Stjórnarráðsins þar sem fjallað var um þá óvissu sem fyrir lægi sökum innbyrðis ósamræmi í löggjöf og reglum er snúa að reikningsskilum sveitarfélaga. Ýmist er vísað til samstæðureikningsskila eða samantekinna reikningsskila og því má segja að ekki liggi fyrir með afdráttarlausum hætti hvernig eigi að setja fram reikningsskil fyrir A- og B-hluta.

Af þeim sökum lítur nefndin svo á sveitarfélög geti beitt óbreyttum reikningsskilaaðferðum eins og undanfarin ár þar til veittar verða leiðbeiningar um annað. Hefur borgin kosið að fylgja þessu og eru engar breytingar gerðar á framsetningu samstæðu A- og B-hluta í ársreikningnum.

Að mati FÁST mun það ekki hafa veruleg áhrif á ársreikninginn verði breytt um aðferð. Frummat okkar bendir til þess sama að því gefnu að Reykjavíkurborg kjósi að beita undanþáguheimildum í lögum um ársreikninga um mat á eigna á gangvirði sem almennt er ekki beitt í reikningsskilum sveitarfélaga.

Samgöngusáttmáli

Í október 2020 var undirritað hluthafasamkomulag sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og íslenska ríkisins um eignarhald og stjórnskipulag í félaginu Betri samgöngur ohf. Betri samgöngur ohf. gerir ráð fyrir að fjárfesta fyrir um 120 ma. kr í samgöngumannvirkjum á næstu 15 árum. Samkvæmt samkomulaginu þá er gert ráð fyrir að árlegt framlag Reykjavíkurborgar til verkefnisins verði um 564 millj. kr. eða alls 8.461 millj. kr. á samningstímanum.

Enn er óvissa hvernig farið verður með framlög borgarinnar í reikningsskilunum, hvort framlögin verði eignfærð sem eignarhlutur í félaginu eða meðal varanlegra rekstrarfjármuna sem fjárfesting í samgöngumannvirkjum. Farið hefur fram umræða um þessi álitafni á vettvangi Sambands sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Var tekin ákvörðun um að færa framlög sem greidd hafa verið vegna Samgöngusáttmálans á árinu 2019 og 2020 sem kröfu á félagið meðan niðurstaða hefur fengist í málið.



© 2021 Grant Thornton International Ltd. All rights reserved.

Grant Thornton® refers to the brand under which the Grant Thornton member firms provide assurance, tax and advisory services to their clients and/or refers to one or more member firms, as the context requires.

Grant Thornton endurskoðun ehf. is a member firm of Grant Thornton International Ltd (GTIL). GTIL and the member firms are not a worldwide partnership. GTIL and each member firm is a separate legal entity. Services are delivered by the member firms.

GTIL does not provide services to clients. GTIL and its member firms are not agents of, and do not obligate, one another and are not liable for one another's acts or omissions.

www.grantthornton.global